

Atvinnumálahópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálahópi hjá Reykjavíkurborg miðvikudaginn 12. maí 2010 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Maríubúð, og hófst fundurinn kl. 15:00

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Sóley Tómasdóttir, Ellý Þorsteinsdóttir, Anna Kristínsdóttir, Helga Björg Ragnarsdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Ragnhildur Ísaksdóttir og Gerður Dýrfjörð mættu á fundinn. Einnig mættu þær Hrafnhildur Tómasdóttir og Guðlaug Pétursdóttir frá Vinnumálastofnun.

Þetta gerðist:

1. Kynning á virkniverkefnum Velferðarsviðs- Ellý Þorsteinsdóttir.

Greining á fjölda sem þiggja fjárhagsaðstoð. Yfirlit á fjölda virkra mála á málaskrá, sem eru mál sem hafa verið á hreyfingu síðustu 6 mánaða. Rætt um tegund fjárhagsaðstoðar.

Kynning á virkniverfni “Virgni til velferðar”, Velferðarsviðs: Ellý kynnti stöðuskýrslu vegna verkefnisins.

2. Sumarstörf ungs fólks- kynning á fundi með Vinnumálastofnun.

Oddný fór yfir fund sem haldinn var með fulltrúum VMST sem haldinn var 10. maí sl.

3. Rapport frá Ragnhildi Ísaksdóttur verkefnisstjóra varðandi mat á atvinnuáttaksverkefninu í heild.

Ragnhildur kynnti sitt erindi.

4. Málefni langtíma atvinnulausra sem eru komnir yfir miðjan aldur- Hrafnhildur Tómasdóttir og Guðlaug Pétursdóttir frá Vinnumálastofnun.

Fram kom í máli fulltrúa VMST að vinna væri komin vel á veg að greina hóp langtíma atvinnulausra sem eru komnir yfir miðjan aldur auk þess að kortleggja úrræði fyrir hópinn. Í þeirri vinnu er verið að nota sömu aðferðarfræði og notuð var vegna úrræða fyrir unga fólkið.

5. Skipun í undirbúningshóp vegna ráðstefnu um atvinnumál.

Atvinnumálahópur skipar þau Sigurð Snævarr, Oddnýju Sturludóttur og Sóley Tómasdóttur til að hefja undirbúning vegna ráðstefnu um atvinnumál sem fyrirhugað er að halda í haust.

6. Önnur mál.

Minnsblað Hans Orra Kristjánssonar verkefnastjóra um afgreiðslu og eftirfylgni vegna verkefnastyrkja til atvinnusköpunar ungs fólks lagt fram.

Tillaga Sóleyjar Tómasdóttur frá síðasta fundi:

„Atvinnumálahópur samþykkir að endurskoða erindisbréf vegna úthlutunar fyrir verkefni í þágu ungs fólks með það að markmiði að styrkja verkefni á vegum borgarinnar, enda verði það til þess að fjármagnið nýtist betur. Jafnframt verði vinnutími og vinnuframlag skilgreint af hálfu borgarinnar.“

Tillagan samþykkt.

Bókun formanns atvinnumálahóps, Oddnýjar Sturludóttur:

Alltaf hefur legið fyrir að stofnanir borgarinnar geti sótt um í verkefnapottinn sem eyrnamerkur er ungu fólki. Erindisbréf vegna úthlutunar þess potts hafa þegar verið samþykkt og tvisvar sinnum hefur verið auglýst eftir verkefnum við gríðarlega góðar undirtektir. Það hefði ekki verið sanngjarnt að breyta reglum pottsins svo skömmu fyrir aðra úthlutun hans en næsta stjórn Atvinnumálahóps getur endurskoðað erindisbréfið ef þurfa þykir fyrir þriðju úthlutun sem er í haust. Á það skal þó bent að afar fáir sjóðir eru fyrir skapandi ungt fólk að sækja um í og ljóst er að mörg störf og verkefni sem glæða borgarbraginn fá úthlutað úr sjóðnum. Ekki er gefið að fjármagnið nýtist betur ef allt það unga fólk sem hefur áhuga á því að starfa sjálfstætt að skapandi verkefnum verði sett á launaskrá borgarinnar og undir verkstjórn Hins hússins. Það er þó sjálfsagt að fylgja eftir verklagsreglum sem þegar eru til um afgreiðslu og eftirlit slíkra verkefna svo tryggt sé að fjármagnið nýtist til atvinnusköpunar ungs fólks.

Fundi slitið kl. 17:10